UMSAGNIR OG VIÐBRÖGÐ

- Ísallínur 3 og 4 og niðurrif Ísallína 1 og 2
- 9 umsagnir bárust við kynningu framkvæmdaleyfisumsóknar.
- Umsagnir breyta ekki meginniðurstöðu um leyfisveitingu. Viðbrögð felast einkum í skýrari skilyrðum og eftirfylgni.
- Umsagnaraðilar: Vegagerðin, Byggðasafn Hafnarfjarðar, heilbrigðiseftirlitið, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun, Minjastofnun, Veitur, Veðurstofan og Vinnueftirlitið.

NÁTTÚRUVERND OG FUGLALÍF

Helstu ábendingar

- Forðast röskun heillegra hraunmyndana; skýra valkosti og brýna nauðsyn.
- Vernda vaxtarstaði blátoppu og annarra skráðra plantna.
- Fylgjast með áflugi fugla og útfæra ábyrgð á vöktun.

Viðbrögð bæjarins

- Vísað til valkostamats og rökstuðnings um brýna nauðsyn.
- Nýta slóða og röskuð svæði; hlífa kortlögðum vaxtarstöðum.
- Landsnet fylgist með áflugi og grípur til aðgerða eftir þörfum.

Umsagnatafla í kafla 6.6 og aðgerðir í kafla 6.7.2.

VATNSHLOT OG MENGUNARVARNIR

Helstu ábendingar

- Engar athugasemdir við fyrirliggjandi áhrifamat vatnshlota.
- Tryggja eftirlit með framkvæmdinni.

Viðbrögð bæjarins

- Áhættuminnkandi aðgerðir áhrifamats teknar upp í leyfisskilyrði.
- Áhersla á lekaskoðanir, eldsneytisáfyllingu og viðbrögð við mengunaróhöppum.

Viðbrögð við HEF í kafla 6.6 og áhættuminnkandi aðgerðir í kafla 6.7.1.

VEGIR OG VEITULAGNIR

Helstu ábendingar

- Leyfi þarf fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæða.
- Tilgreina hæð lína yfir vegum og tryggja vinnusvæðamerkingar.
- Möstur og undirstöður verði ekki yfir lögnum Veitna.

Viðbrögð bæjarins

- Skilyrði um leyfi og samráð við Vegagerðina.
- Hæðir tilgreindar í skilyrðum og áætlun um merkingar.
- Samráð við Veitur og varúð við gröft nærri lögnum.

Viðbrögð við Vegagerðinni og Veitum í kafla 6.6; kafli 6.7.3.

MENNINGARMINJAR OG VARÚÐ

Helstu ábendingar

- Byggðasafnið ítrekar vernd minja og friðhelgunarsvæða.

Viðbrögð bæjarins

- Sneitt hjá minjum við hönnun; merkja minjar sem kunna að vera í hættu.
- Tilskilið leyfi Minjastofnunar ef raska þarf fornminjum.
- Stöðva vinnu við fund óþekktra minja og tilkynna Minjastofnun.

Viðbrögð við Byggðasafni og Minjastofnun í kafla 6.6; kaflar 6.5 og 6.7.2.

EFTIR ÁKVÖRÐUN: ÚTGÁFA OG BIRTING

Útgáfa leyfis

- Tilkynna Landsneti niðurstöðuna og ganga frá greiðslu eða samningi um leyfisgjald.
- Gefa út skriflegt leyfi og árita leyfisbréf, uppdrætti og hönnunargögn.

Opinber kynning

- Auglýsa ákvörðun í Lögbirtingablaði og dagblaði á landsvísu.
- Birta leyfi og greinargerð á netinu og tilkynna HMS og Náttúruverndarstofnun um útgáfu.
- Birta innan tveggja vikna frá afgreiðslu. Kærufrestur miðast við birtingu.

Reglugerð 772/2012, 3. og 10.–12. gr.; lög 123/2010, 14. gr.; lög 111/2021, 27. gr.